

Sérkennslutorg: Námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands



Hér má finna tengla á erindi og gagnlegt efni af námskeiði fyrir sérkennslustjóra á leiksólum sem haldið var af EHÍ þann 21. febrúar 2020

[Erindi Fjólu Þorvaldsdóttur](#)

[Erindi Hönnu Rúnar Eiríksdóttur](#)

Á flipa hér sem kallast [eyðublöð](#) eru hægt að nálgast gagnleg eyðublöð sem hægt er að hlaða niður. Meðal annars eru hér aðgerðaráætlun og árstíðarbundin verkefni

Sérkennslutorg: Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir – Tjáskiptatækni


Nokkur umræða hefur átt sér stað varðandi skilgreiningu á AAC (Augmentative and Alternative Communication) Í gegnum árin hefur verið talað um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Til að notast við þjálfa orð þá hefur verið hallast að því að nota orðið tjáskiptatækni. Þó er það ekki svo að það lúti eingöngu

að tækjum og tólum heldur er bent á að tækni okkar við tjáskipti almennt eru mismunandi. Hér má sjá skilgreininguna á orðinu og við notkun á orðinu tjáskiptatækni er tilvalið að stytta það í TST og nota myllumerki þegar það á við #TST

Tjáskiptatækni

er samsafn verkfæra til tjáskipta sem einstaklingar nota til að leysa daglegar áskoranir í tjáskiptum.

Tjáskipti geta verið með ýmsu móti: tal, sameiginleg sýn, texti, bendingar, svipbrigði, snerting, táknmál, tákn með tali, myndir, tjáskiptatæki. Hver og einn notar ýmsar leiðir til tjáskipta, það fer eftur samhengi og við hvern höfð eru tjáskipti. Áhrifarík tjáskipti eiga sér stað þegar annar aðili skilur tilgang og merkingu tjáskipta. Með hvaða móti tjáskiptin fara fram er aukaatriði svo lengi sem sameiginlegur skilningur er á tjáningunni.



LINDA J. BURCKHART

Sérkennslutorg: Tjáskipti með Communicator 5

Pann 13. febrúar næstkomandi verður haldið byrjendanámskeið í tjáskiptaforritinu Communicator 5

Smelltu á myndina til að sjá nánari upplýsingar:

